

Colas Ísland hf.  
Gullhelli 1  
221 Hafnarfjörður

Akureyri, 10.6.2024  
UST202401-418/G.S.Á.  
08.06.02

## **Efni: Reglubundið eftirlit þann 06.05.2024 - Colas Ísland hf., Hafnarfiðri ID221**

Þann 6. maí sl. fór fram reglubundið eftirlit í bikbirgðastöð Colas Ísland hf., Hafnarfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

### **Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:**

1. Ábending er sett fram um að skráningar skv. gr. 4.1 í starfsleyfi séu aðgengileg bæði starfsmönnum og eftirlitsmönnum í eftirliti. Skráningarnar voru til staðar en voru illa aðgengilegar

### **Þrjú frávik komu fram er varða:**

1. Gr. 3.5 í starfsleyfi. Virkni olíuskilja skal yfirfarin a.m.k. á sex mánaða fresti og þær tæmdar eftir þörfum. Skiljan hefur verið tæmd eftir þörfum og mælingar gerðar, en virkni skiljunnar hefur ekki verið yfirfarin skv. þessu ákvæði.
2. Gr. 4.1 í starfsleyfi. Ábending var sett fram í síðasta eftirliti varðandi skráningar á skoðun olíuskilju. Ekki hefur verið bætt úr skráningum og því er sett frávik vegna þess.
3. 16. gr. laga nr. 3372004. Fullnægjandi tryggingarskírteini vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 hefur ekki borist eftirlitsaðila. **Fullnægjandi tryggingaskírteini var sent til eftirlitsaðila þann 24. maí sl. og er frávikin því lokað.**

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 2. júlí 2024.**

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir  
sérfræðingur

Freyr Ævarsson  
sérfræðingur